

**Borgarbyggð**  
Drífa Gústafsdóttir  
Digranesgata 2  
310 Borgarnes

Sent í gegnum skipulagsgátt

*Reykjavík, 18. sept. 2023*

## **Efni: Skipulag og matslýsing fyrir gerð Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025 - 2037**

Borgarbyggð hefur, með erindi dags. 15. júní 2023, óskað umsagnar um lýsingu, dags. 31. maí 2023, vegna endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Samþykkt var í sveitarstjórn dags 8. júní 2023 að kynna lýsinguna. Landvernd hefur fari yfir framlögð gögn og leggur eftirfarandi ábendingar og athugasemdir við tillögu og umhverfismat hennar.

### **1.2. Tilefni endurskoðunar**

Við endurskoðun á aðalskipulagi segir að það verði “litið til” helstu stefnuskjala á borð við heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna. Það færi betur á að hér væri orðalagið, að endurskoðað aðalskipulag muni amk “taka mið af“ Í þegar fram kominni umsögn við matslýsingu frá skipulagsstofnun kemur fram að sveitarfélagið ætti að fjalla um loftslagsmál og umhverfismat með markvissum hætti og setja fram skýr viðmið til að tryggja viðeigandi aðgerðir. Landvernd tekur sérstaklega undir þessa brýningu.

### **Loftslagsmál í forgrunni**

Landvernd áréttar að sveitarfélög í landinu taki hlutverk sitt alvarlega þegar okkar stærsta sameiginlega áskorun, loftslagsmálin, eru annarsvegar, hið sama á við umvistkerfi sem eiga undir högg að sækja, loftslagið er sannarlega hluti af umhverfi okkar og vistkerfin sömuleiðis. Undirstrika þarf því mikilvægi þess við skipulags- og áætlanagerð sveitarfélaga að loftslagsmálin og heilbrigð vistkerfisnálgun verði ávallt höfð í forgrunni. Samhliða er mikilvægt að sveitarfélög vinni viðeigandi áhættugreiningar með tilliti til hættu á stigvaxandi veðuröfgum og öðrum afleiðingum loftslagsbreytinga sem geta haft alvarleg áhrif á umhverfi og samfélög. Aðalskipulag er mikilvægt stefnumarkandi stjórnæki sveitarfélaga til tryggja samdrátt í losun, bindingu í gróðri og landi og aðlögun að umhverfis- og samfélagsbreytingum. Svo árangur í stefnu skili árangri er grundvallaratriði að leggja samhliða fram aðgerðaráætlun sem markvisst tekur á þeim áskorunum sem liggja á borðinu í ljósi breyttrar heimsmynndar vegna loftslagsbreytinga og fyrirliggjandi hruni vistkerfa ef ekki verður aðhafst nóg. Slík áætlun unninn af þekkingu og metnaði skiptir sannarlega máli hvað varðar trúverðugleika sveitarfélaga inn á við sem út á við. Sveitarfélög sem vilja skapa sér jákvæða ímynd til framtíðar verða því að taka loftslagsmálin ásamt mikilvægi þess að styðja við líffræðilega fjölbreytni og mótvægisáðgerðir í þeim efnum mjög alvarlega.

### **Landnýting – flokkun lands**

Árétta skal mikilvægi þess að fyrirbyggjandi skipulagsgerð taki í ríkara mæli tillit til náttúruverndar heldur en fram kemur í matslýsingu. Í matslýsingu eru óljós áform um meðferð verndarsvæða innan sveitarfélagsins en í þeim efnum er sveitarfélagið eindregið hvatt til að nýta sér þau fjölmörgu svæði sem Borgarbyggð hefur á að skipa sem eru til þess fallinn að vernda með einum eða öðrum hætti til að draga fram sérstöðu svæðisins.

Flokkun lands með vernd í huga er einmitt til þess fallin að styðja við sérstöðu, fjölbreytni, atvinnulíf og styrkingu innviða sveitarfélaga, auk þess er efnahagslegur ávinningur friðlýstra svæða oftar en ekki vanmetin. Mikil aukning hefur átt sér stað við margvíslega uppbyggingu í dreifbýli og áframhaldandi eftirspurn er til staðar og skal þá minna á mikilvægi viðkomandi svæði verði metin til dæmis samhliða síaukinni eftirspurn eftir stökum sumarhúsum og umfangsmeiri sumarhúsasvæðum. Þá er sömuleiðis vegna ferðamennsku aukin ásókn í byggingu á stærri mannvirkjum í dreifbýli, hótél o.s.frv. sem þarf að veða og meta hvort eigi heima sem inn á lítt röskuðum svæðum sem gæta þarf fyllstu varúðarsjónarmiða gagnvart umhverfi og náttúru. Sveitarfélög í landinu þurfa að meta aukið álag sem fylgir vaxandi ferðamennsku inn á viðkvæmum svæðum og þá við endurskoðun Aðalskipulags flokka land með tilliti til þess. Borgarbyggð er því hvatt til að marka sér stefnu í þessum efnum með það að markmiði að vernda og friðlýsa svæði sem til þess eru fallin með ábyrgri stjórnunar og verndaráætlunum svo mæta megi auknu álagi vegna ferðamennsku. Borgarbyggð á sérstaklega mikil sóknarfæri við flokkun lands í þessum efnum.

Síðast en ekki síst leggur Landvernd sérstaka áherslu á að sveitarfélagið marki skýra stefnu og hafni landnotkunarbreytingum sem ganga gegn sjálfbærnimarkmiðum sem og ágengni á lítt eða ósnortin vistkerfi með því að færa landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði yfir í mengandi iðnaðarsvæði. Það að breyta landnotkun frá landbúnaðar- og eða óbyggðum svæðum í stórtæk iðnaðarsvæði á borð við vindorkuver sem áform hafa verið uppi um í sveitarfélaginu er ógn við margfalt ríkari og verðmætari hagsmuni innan svæðisins sem sveitarfélagið á allt undir að fá að blómstra. Ljóst er að vindorkuver breyta ekki bara upplifun og ásýnd á nærsvæði heldur hafa þau afgerandi neikvæð áhrif á stærri landslagsheildir og víðerni. Hægt væri að vísa til margvíslegra neikvæðra umhverfispáttá hvað þetta varðar m.a. með tilliti til reynslu frá Noregi þar sem óafturkræf náttúruspjöll með neikvæðum umhverfis- og samfélaglegum áhrifum hafa átt sér stað m.a. á áður friðsælum heiðarlöndum og svæðum sem líkja má við aðstæður í Borgarbyggð. Heiðarlendur Borgarbyggðar geyma fjölbreytt og viðkvæm vistkerfi sem verða fyrir varanlegum skaða ef gert yrði ráð fyrir að flokkun lands við endurskoðun aðalskipulags yrði í þágu iðnaðarsvæða fyrir vindorkuver. Við endurskoðun Aðalskipulagsins verður sveitarfélagið Borgarbyggð að taka vel ígrundaðar ákvarðanir sem eru samfélagi og náttúru fyrir bestu og láta ekki þrýsting hagsmunaafla á borð við vindorkugeirann stjórna för. Þau svæði sem hæst hafa farið í umræðunni hvað varðar vindorkunýtingu eru Hvammsmúli og Grjótháls en þar yrði um varanleg og óafturkræf neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag að ræða m.a. í ljósi andstöðu fjölda landeigenda og íbúa sem yrðu fyrir margvíslegum neikvæðum áhrifum. Mikilvægt er að hafa í huga að ferðaþjónustan sem sveitarfélagið á mikið undir að blómstri áfram myndi einnig verða fyrir víðtækum neikvæðum áhrifum Einnig hefur verið sýnt fram á að heilbrigð eftirspurn eftir umfram orku er ekki til staðar á svæðinu. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að hlúa vel að þeim landgæðum og fjölbreyttu vistkerfum sem þegar eru til staðar og haga flokkun lands í skipulagi samkvæmt þeirri staðreynd.

### 3.4. Atvinnulíf

Undir þessum lið leggur sveitarfélagið áherslu á bæði fjölbreytni og fjölgun starfa sem byggja eiga á sérstöðu svæðisins. Í niðurlagi í sama kafla er á hinn veginn komið inn á áhuga fyrir uppbyggingu vindorkuvera. Í þessum efnum er rétt að benda sveitarfélaginu á að áformuð bygging vindorkuvera í

sveitarfélaginu gengur þvert gegn þeim áherslum að byggja á sérstöðu svæðisins. Engum vafa er undirorpið að verði af byggingu vindorkuvera sem og víðast hvar sem þeim er ætlaður staður þá munu þau taka alfarið yfir á kostnað sérstöðunnar. Það verða heldur engin skapandi eða fjölbreytt framtíðarstörf í boði samhliða byggingu vindorkuvera.

Rannsóknir í ferðapjónustu hér á landi hafa leitt í ljós að viðhorf þjónustuaðila eru fyrst og fremst neikvæð<sup>1</sup>. Meðal almennings í Evrópu eru skiptar skoðanir á vindorkuverum en andstaða fer vaxandi á svæðum þar sem þær eru til staðar og þá helst vegna sjónrænna áhrifa<sup>2</sup>. Mikilvægt er að hafa slíkt í huga þar sem landslag er sérstætt eins og hér á Íslandi. Áhugi er á að styðja við nýtingu auðlinda á borð við laxveiði í þeim ám í Borgarfirði sem hafa upp á slíkt að bjóða og er vafalaust vel meint en þá ber þess að geta að landeigendur og ábúendur við laxveiðiár á svæðinu hafa einmitt lýst yfir miklum áhyggjum af neikvæðri upplifun veiðimanna ef sveitarfélagið hyggst gera ráð fyrir vindorkuverum í sínu aðalskipulagi.

### 3.4.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarland verður flokkað í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins. Í þessum kafla er mikilvægt að loftslagsmálin séu skrifuð inn enda landbúnaður stór áhrifavaldur sem á hins vegar mikil sóknarfæri tengda framleiðslu til að vinna á móti neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Ein af skjótvirkari aðgerðum til að draga úr losun er að kortleggja svæði með framræstu landi í sveitarfélaginu sem ekki er verið að nýta í atvinnuskyni sem landbúnaðarland. Á slíkum svæðum liggur beinast við að bregðast við með endurheimt votlendis og samdrátt í losun *"Að unnið verði að endurheimt votlendis til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og stefnu íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og jafnframt til að ná Aichi markmiðum um aukna verndun líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt raskaðra vistkerfa og bættu þjónustu vistkerfa. Sett verði markmið og fjármagni veitt til framkvæmda og rannsókna."*

[https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneytimedia/media/PDF\\_skrar/sk160307\\_endurheimt\\_votlendis.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneytimedia/media/PDF_skrar/sk160307_endurheimt_votlendis.pdf)

### 3.4.2 Iðnaður, athafnastarfsemi og orkuvinnsla

<sup>1</sup> Sæþórsdóttir, A.D.; Wendt, M.; Tverijonaite, E. Wealth of Wind and Visitors: Tourist Industry Attitudes towards Wind Energy Development in Iceland. Land 2021, 10, 693. <https://doi.org/10.3390/land10070693>

<sup>2</sup> Ladenburg, J. (2008). Attitudes towards on-land and offshore wind power generation – a review. Wind Energy, 12(2), 171-181.

Fram kemur að í sveitarfélaginu Borgarbyggð sé öflug athafna- og iðnaðarstarfsemi í Borgarnesi og nokkrar miðlungs stórar og litlar virkjanir eru í sveitarfélaginu. Landvernd leggur áherslu á að sveitarfélag sem ekki er stærra að sniðum en raun ber vitni er varðar innviði býr ekki við orkuskort, enda eru nú þegar til staðar nokkrar miðlungsstórar og litlar virkjanir sem fram kemur í matslýsingu. Við endurskoðun aðalskipulags hyggst sveitarfélagið engu að síður yfirfara stefnu hvað varðar frekari orkuöflun og þá með sérstöku tilliti til vindorku. Landvernd vill hér hvetja sveitarfélagið til þess að beita gagnrýnni hugsun við mat á orkuþörfinni og nota til þess orkuskiptahermi Landverndar. Svo sveitarfélaginu sé kunnugt þá bindur aðalskipulagið á engan hátt hendur sveitarfélagsins að gera ráð fyrir landnotkun fyrir iðnaðarsvæði tengt vindorku. Það að sveitarfélög hafi nú í fyrsta skipti skipulagsvald til að afmarka slík iðnaðarsvæði sérstaklega þýðir því alls ekki að sveitarfélagið eigi að beita því valdi, enda stendur sveitarfélagið ekki frammi fyrir slíkri neyð hvað raforkuöflun varðar að slíkt sé réttlætjanlegt á kostnað umhverfis og samfélags

### Rafveita

*“Ný lega Holtavörðuheiðarlínu er ekki á aðalskipulagi. Samráð verður haft við Landsnet vegna áforma um endurskoðun meginflutningskerfis raforku.”* Hér er sérstök ástæða til að áréttta samráð verði haft við íbúana sjálfa og þá sérstaklega beina aðila máls, landeigendur og annarra sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Á grunni þess að um er að ræða aðalskipulag, stefnu sveitarfélagsins og þar með íbúa þess og yfirlýstan vilja sveitarfélagsins í lýsingu á samráði við íbúana við gerð skipulagsins, þá er það algjör forsenda að þegar um svo stórt hagsmunamál er að ræða að hafa náði samráð við þá sem næst standa. Það er eitt og sér alls ekki nægilegt þó meginflutningskerfi raforku sé á forræði Landsnets, þá undanskilur það ekki sveitarfélagið að eiga samráð við þá íbúa sem sveitarfélagið á að gæta hagsmuna fyrir. Sveitarfélagið getur því ekki valið að eiga einvörðungu þröngt samráð við útvalda hagsmunaaðila í svo stóru máli. Þá er það einnig sveitarfélagsins að gæta að því að línur séu ekki lagðar um verðmæt náttúrusvæði.

### Vatnsveita

Landvernd leggur áherslu á mikilvægi vatns og heilbrigðra vatnshlota leggur ríka áherslu á að sveitarfélagið láti meta mikilvæg vatnshlot með tilliti til vatnsverndar og heilbrigðis grunnvatns fyrir íbúa sem og lífríki.

### 3.4.3. Ferðaþjónusta

Landvernd tekur undir lýsingu að í þessari grein er sérstaklega mikilvægt að skapa framtíðarsýn því ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein innan sveitarfélagsins og er metin í matslýsingu veigamikil þáttur í atvinnulífinu. Í ljósi þessa hvetur Landvernd Borgarbyggð til að skerða ekki þau gæði sem er að finna í náttúru og umhverfi sveitarfélagsins. Stefna um verslunar- og þjónustusvæði vegna afþreyingar á ferðamannasvæðum verða að taka mið af þeim náttúrugæðum sem sveitarfélagið hefur að geyma og því er gríðarlega mikilvægt að náttúra og umhverfi njóti vafans þegar kemur að framkvæmdum. Uppbygging vindorkuvera getur haft mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustu enda hafa samtök ferðaþjónustu SAF varað við slíku.<sup>3</sup>

### 3.5. Grunnkerfi

<sup>3</sup> <https://www.saf.is/2022/10/03/umsogn-saf-til-starfshops-um-nytingu-vindorku>

### 3.5.1 Vegir

Landvernd styður við úrbætur og viðhaldi á vegum innan sveitarfélagsins sem þegar hafa verið lagðir. Aftur á móti kemur fram í matslýsingu að unnið sé að undirbúningi á færslu hringvegarins á kafla austan við þéttbýlið í Borgarnesi þar sem aðalskipulagsbreyting sé nú þegar í vinnslu. Hér er hins vegar um svo stórtækt inngríp í skipulag svæðisins að ræða þar sem mörgum spurningum er ósvarað að Landvernd hvetur sveitarfélagið eindregið til að taka þetta afmarkaða en mjög svo stóra verkefni og fella inn í heildarendurskoðun á aðalskipulaginu. Að mati Landverndar er einmitt brýn þörf á að þegar svo viðamikil breyting er lögð fram á samgöngukerfi sveitarfélagsins, auk þess sem að nýrri vegalögn er ætlaður staður inn á mjög svo viðkvæmu svæði að óhjákvæmilegt má telja að taka slíkt verkefni út fyrir sviga þegar verið er að meta heildarendurskoðun á aðalskipulagi. Eins og vinnslutillaga að nýju vegstæði liggur fyrir þá krefst hún mun meira samtals og samráðs við íbúa og hagsmunaaðila sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af fyrirbyggjandi framkvæmd ef af verður. Færsla á veginum út á lífríkar leirur er eitt – ásýndaráhrif og gríðarlegt náttúrulegt rask og efnisflutningar sem þarf til að koma er svo annað. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að taka umfjöllun um nýja veglínu upp samhliða heildarendurskoðun á aðalskipulagi með tilliti til þess hve gríðarlega stór áhrifaþáttur er um að ræða á framtíðarþróun skipulags og byggðar í sveitarfélaginu.

### 3.5.2. Göngu- hjóla og reiðleiðir – heilsueflandi samfélag

Landvernd vill lýsa sérstakri ánægju með þau markmið sem koma fram þar sem ætlun er að vinna með heilsueflandi samfélag við endurskoðun skipulagsins. Borgarbyggð á sannarlega mikil tækifæri sem mikilvægt er að vinna mjög sterkt með. Stefna um heilsueflandi ferðamáta er einn af hornsteinum þess að styðja við lýðheilsu markmið og markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að horfa til þeirra gæða sem er að finna bæði í þéttbýli og dreifbýli þar sem útivistarsvæði er að finna sem eru til þess fallinn að auka á útivist og hreyfingu og skapa um leið aðstæður samgöngulega þar sem heilbrigður ferðamáti bæði innan svæða og á milli svæða fái aukna athygli. Rannsóknir hafa endurtekið sýnt að fátt eða ekkert kemur í stað hollrar hreyfingar og upplifunar í náttúrulegu umhverfi, allir heilbrigðisvísar mæla með að sveitarfélög hugi mun betur að þessum þáttum en gert hefur verið með það fyrir augum að bæta bæði andlega og líkamlegt atgervi íbúa og um leið spara kostnað sem fellur að öðrum kosti af meiri þunga á heilbrigðisstofnanir. Svar sveitarfélaga við margvíslegum lífsstíllssjúkdómum og til að koma í veg fyrir er einmitt að huga sérstaklega sterkt að þessum þætti í skipulagsáætlunum þannig að þess sjáist staður. Því skal áréttað að bætt lýðheilsa og náttúruverndarsvæði hafa mikil og jákvæð samlegðaráhrif.

### 3.6.1. Umhverfi - Landslagseinkenni

Borgarbyggð býr yfir fjölbreyttu landslagi og þar kemur meðal annars fram í lýsingu að fjallið Baula sé þar meðal þeirra landslagseinkenna sem skreyta sveitarfélagið og sérstöðu þess hvað mest. Einmitt í því ljósi er mikilvægt að sveitarfélagið geri sér grein fyrir að ekki er hægt að gera hvoru tveggja í senn að vernda ómetanleg sérkenni lands samhliða inngrípi með skipulagi á

iðnaðarsvæðum sbr. áhuga vindorkugeirans á svæðinu.

### 3.6.3 Náttúruvernd

Í kafla um náttúruvernd kemur fram að gerð verði grein fyrir friðlýstum svæðum í aðalskipulagi og þau sýnd á skipulagsuppdraetti en að horft verði til um endurskoðun á friðlýsingarskilmálum. Landvernd hvetur Borgarbyggð í þeim efnum að friðlýsa ný svæði sem til þess eru fallin og stækka þau sem þegar eru til staðar með framtíðarhag komandi kynslóða að leiðarljósi. Sveitarfélagið er víðfeðmt og mörg svæði til staðar sem sveitarfélagið er hvatt til að rýna með tilliti til friðlýsinga. Í matslýsingu gætir ónákvæmni um hvert sveitarfélagið vill stefna í þessum málaflokki og úr því þarf að bæta. Þá er ástæða til að horfa til þeirra svæða sem þegar eru skilgreind á náttúruminjaskrá sem grunn að frekari friðlýsingum svæða. Slíkar ábyrgar ákvarðanir styðja við loftslagsmál og náttúrulega fjölbreytni vistkerfa í sveitarfélaginu. Hjalagt er náttúruminjaskrá fyrir sveitarfélagið til hliðsjónar frekari vernd og eða friðlýsingum<sup>4</sup>.

**208. Surtshellir og Stefánshellir** í Hallmundarhrauni, Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. (1) Hellarnir og hraunið næst þeim, í landi Kalmannstungu. (2) Stórir hraunhellar, Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella.

**209. Arnarvatnsheiði og Tvídægri** (401), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægri. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í tind Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafelli í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannastrand í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Norðlingafljóts, Hrutafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

**210. Grábrókarhraun og Hreðavatn**, Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr. og Stafholtstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Primildal.

**211. Ferjubakkafloí og Ystatunga**, Borgarbyggð (áður Stafholtstungnahr.), Borgarhreppi, Mýrasýslu. (1) Ferjubakkafloí við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystatungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, að austan Norðurá og Hvítá. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.

**212. Utanverður Borgarfjörður, Álftaneshreppi**, Borgarbyggð (áður Borgarneshr.) Borgarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu.

(1) Fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum. (2) Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.

**213. Hjörsey og Straumfjörður**, Álftaneshreppi, Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Mýrasýslu. (1) Hjörsey,

4

<https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=348316.3508%2C499068.2457%2C424582.6492%2C555490.7543%2C3057>

Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi. (2) Leirur, mýrlendi og sjávarfitjar með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

**214. Löngufjörur, Borgarbyggð** (áður Hraunhr.), Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahr. og Miklaholtshr.), Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

### 3.6.2 Lífríki

Sveitarfélagið hefur að geyma fjölbreytt vistkerfi sem fram kemur í matslýsingu.

Ísland er aðili að heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna og ber sveitarfélögum sem og öðrum opinberum aðilum sérstaklega að horfa til þeirra markmiða sem þar eru sett fram<sup>5</sup>. Meginstefið sem þar er að finna er vernd og endurheimt. Jafnframt að stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi og sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun og stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði ásamt því sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Ísland er einnig aðili að Kunming-Montréal<sup>6</sup> samningi COP 15 um líffræðilega fjölbreytni.

Sveitarfélagið Borgarbyggð býr að lífríkum heiðarlendum og þeim má ekki fórna á sama tíma og ákall frá nýafstaðinni COP 15 ráðstefnu um líffræðilega fjölbreytni liggur fyrir. Slíkar fórnir ganga þvert gegn alþjóðaskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist þar sem ákallið er vernd og endurheimt vistkerfa jarðar hefur aldrei vegið þyngra<sup>7</sup>.

Fram kemur í heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna sbr. undirmarkmið líf á landi

**”15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.”**

Mikilvæg búsvæði er að finna í sveitarfélaginu. Á Arnarvatnsheiði eru mýrar, flóar og fjöldi vatna og tjarna. Þar er mikið fuglalíf og svæðið alþjóðlega mikilvægt varpsvæði himbrima og álfatar. Sjófugla- byggð, nær yfir grunnsævi og fjörur frá utanverðum Borgarfirði, um Mýrar og Löngufjörur. Þar er einnig að finna selalátur. Í Borgarbyggð eru 12 laxveiðiár. Í Borgarbyggð er að finna vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þessar vistgerðir eru mikilvægar einnig fyrir fugla og eru skilgreindar með hátt eða mjög hátt verndargildi. Birkiskógar og birkikjarr eru víða með verndargildi. Með ströndinni er víða að finna leirur og votlendi. Þá er Andakíll, Hvanneyri, friðlýst skv. augl. í Stjórnartíðindum B, nr. 364/2002 sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi. Búsvæðaverndin nær yfir jörðina Hvanneyri<sup>8</sup>.

<sup>5</sup> <https://www.heimsmarkmidin.is/>

<sup>6</sup> <https://www.cbd.int/article/cop15-final-text-kunming-montreal-gbf-221222>

<sup>7</sup> <https://www.canada.ca/en/services/environment/wildlife-plants-species/biodiversity/cop15.html> og <https://www.eea.europa.eu/is/themes/biodiversity/intro>

<sup>8</sup> <https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=348316.3508%2C499068.2457%2C424582.6492%2C555490.7543%2C3057>

### 3.6.4 Hverfisvernd

Fram kemur að allmörg svæði í Borgarbyggð eru undir hverfisvernd í gildandi skipulagi, ýmist vegna útivistargildis, náttúruvæðis, menningarminja og að hverfisvernd verður endurskoðuð, m.a. út frá áherslum sveitarfélags og stefnu um friðun náttúru- og menningarminja. Dæmi um upplýsingar sem geta leitt til endurskoðunar á stefnu um hverfisvernduð svæði eru t.d. svæði á náttúruminjaskrá, jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd mynd 11 og vistgerðir sem njóta verndar ásamt ræktuðu skóglendi. Þau náttúruvæðingarmarkmið sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru t.d. eldvörp, eldhraun, gervigígar, hraunhellar, fossar, hverir og heitar uppsprettur ásamt lífríki sem þeim tengist. Í þessum kafla er óljóst hver hin stefna sveitarfélagsins er í stórum dráttum. Landvernd gerir sér grein fyrir að hér er um matslýsingu að ræða en jafnframt er ljóst að æskilegt hefði verið að tilgreina viðhorf sveitarfélagsins – sveitarstjórnar almennt séð til verndarsvæða t.d. að sveitarfélagið hygðist leggja til grundvallar alþjóðlegar skuldbindingar sbr. er varðar loftslag og líffræðilega fjölbreytni sér í lagi í köflum er varðar verndarsvæði.

### 3.6.5. Minjavernd og minjaskráning

Landvernd vill vekja athygli á ákveðin tækifæri og samlegðaráhrif með náttúru- og minjavernd og því er mikilvægt að horfa samþætt og vinna með þessa aðskildu málaflokka inn á verndarsvæðum. Auka má upplifunargildi verndar og eða friðlýstra svæða oftast en ekki mjög mikið með því að draga fram hvorutveggja í senn náttúru- og menningarminjar og til þess þarf að standa vel að skráningum á menningarminjum sem er víðast hvar mjög ábótavant Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að draga fram og styrkja sérstöðu svæðisins með því að setja fram stefnu um skráningu menningarminja jafnhliða nánari greiningu á náttúruminum sem svæðið hefur að geyma, það er líkast til engin betri leið fyrir sveitarfélag að draga einmitt fram sérstöðu sína sem er eitt af meginmarkmiðunum eins og að leggja fram metnaðarfulla stefnu um átak í að efla og auka náttúru- og menningarminjar.

### 3.6.6 Vötn og strandsjór

Sveitarfélagið leggur upp með að vinna með stefnu sem styður við Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna Landvernd vill í þessu sambandi áréttta mikilvægi þeirra leiðbeininga sem er að finna í heimsmarkmiðunum sem Ísland hefur skuldbundið sig meðal annars ákvæði í undirmarkmiðum um

”Líf í vatni” en þar getur meðal annars á að líta eftirfarandi.

**14.1. Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.**

**14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbærnan hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.**

**14.5 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að vernda a.m.k. 10% af strandlengjum og hafsvæðum heimsins í samræmi við landslög og alþjóðalög, að teknu tilliti til bestu tiltæku, vísindalegu upplýsinga.**

Þá ber sérstaklega að hafa í huga að í Borgarbyggð er fjöldi vinsælla veiðisvæða meðal annars nefna þekktar laxveiðiár s.s. Haffjarðará, Langá og Norðurá og mikil veiðivötn s.s. á Arnarvatnsheiði. Ein af alþjóðaskuldbindingum Íslands er að vernda 30% af hafssvæði efnahagslögu Íslands og þá helst mikilvægt lífríki og óraskaður hafsbötn sem er grunnur að því að vernda og viðhalda byggja upp.



### 3.6.7 Vatnsból og vatnsvernd

Landvernd vill hvetja sveitarfélagið til að vinna sérstaka úttekt á stöðu vatns- og vatnshlota með tilliti til heilnæms vatns fyrir fólk og dýrahald auk þess er vatnsvernd einn af grunnþáttum þess að styðja við og endurheimta eftir atvikum líffræðilega fjölbreytni.

### 3.6.8 Jarðefni

Landvernd tekur undir mikilvægi þess að marka skýra stefnu um efnistöku. Að því tilefni er jafnframt mikilvægt að marka sérstaka stefnu um efnistöku í sjó og árfarvegum meðal annars með tilliti til lífríkis þar sem grundvöllur rannsókna verður ávallt hafður að leiðarljósi. Mikilvægt er að sveitarfélaginu sé ljóst að einmitt sú vinnslutillaga sem hefur verið sett áform um hvað varðar nýja veglínu þjóðleiðar á leirum austan við þéttbýlið er stór áhrifaþáttur hvað varðar framtíðarstefnu í skipulagi. Þessi áform um vegalagningu yfir leirur munu ef af yrði kosta gríðarlega efnisflutninga vegna eðlis svæðisins og jarðvegsdýptar þar sem bæði lífræki sjávar er undir sem og árfarvegur þar sem staða sjávarfalla gætir svo mjög.

### 3.6.9 Hálendið

Í kafla um hálendið er komið inn á víðfeðm hálendissvæði sem liggja ofan byggðar. Landvernd vill hvetja sveitarfélagið til að huga að þeim náttúrugæðum sem hálendur Borgarbyggðar skarta og vanmeta hvorki vistkerfi eða víðerni sem þau hafa að geyma. Mikilvægt er jafnframt að stefna um landbúnað, afrétti og eða svonefndur beitarréttur sé ástundaður með sjálfbærum hætti og beitarsvæði séu vöktuð með tilliti til mögulegrar ofbeitar og eða ágangs á fágætar vistgerðir.

### 3.6.10 Þjóðlenda

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðuneytið hefur vakið athygli á í umsögn sem Landvernd tekur undir ”að skálar- og þjónustusvæði í þjóðlendum sem sveitarfélagið hyggst afmarka og stofna lóðir utan um verður hlutaðeigandi sveitarfélag að auglýsa. Þjóðlendur eru landsvæði í eigu ríkisins, með takmörkuð gæði og auðlindir. Þeim ber ekki að úthluta til annarra aðila án auglýsingar. Auglýst er eftir hæfasta aðila (þannig að allir hafi jafnan rétt á að sækja um skv. meginreglum stjórnisýsluréttar sbr. stjórnisýslulög).”

Stóraukinn ásókn umsvifamikilla fjárfesta í framkvæmdir við jaðar þjóðlendna eða jafnvel inn á þeim hefur verið að raungerast samhliða fjölgun ferðamanna. Sveitarfélög í landinu geta því ekki og eiga ekki að geta gengið um eða ráðstafað landi innan þjóðlendna á kostnað almennings.

Að sama skapi tekur Landvernd undir með forsætisráðuneytinu að ráðuneytið veitir sömuleiðis leyfi eða hafnar eftir atvikum *”fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindi sem og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.”*

*”Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir*

*nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd." Landvernd tekur einnig undir umsögn ráðuneytisins um "mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaádstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og meginleiðum. Það gildir sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Þar sem slíkt er ekki mögulegt sé þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun og feli þá einvörðungu í sér takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem skála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir."*

Landvernd vill árétta að þrátt fyrir að sveitarfélagamörk séu í tilfellum dregin inn á þjóðlendur þá er það á engan hátt ígildi þess að sveitarfélög geti ráðstafað eða gengið á hlut þjóðarinnar á grunni skipulagsvalds á þeim lendum. Í of mörgum tilfellum hafa því miður átt sér stað samningar innan þjóðlendna þar sem auðlindum í einni eða annarri mynd hefur verið ráðstafað þar sem jafnræðis hefur ekki verið gætt. Úthlutun hverskyns rannsóknarleyfa og umsókna vegna nýtingar á orkuauðlindinni ætti meðal annars að lúta jafnræðissjónarmiðum í stað þess að lögmálið fyrstur kemur fyrstur fær festi sig í sessi.

### 3.6.11 Víðerni

Í matslýsingu kemur fram „*Opinber kortlagning víðerna liggur ekki fyrir en í lög- um um náttúruvernd segir að slík kortlagning eigi að liggja fyrir 1. júní 2023.*“ Fyrir liggur að ný kortlagning hefur ekki verið gerð. Landvernd leggur ríka áherslu á að sveitarfélög aðhafist ekkert hvað varðar áform um skipulag fyrir vindorkuver meðan ekki liggja fyrir nýjar víðernisskilgreiningar. Ljóst er að áform um vindorkuver kalla á endurskoðun á víðerniskortlagningu ef ætlun er að reisa slíkan orkuiðnað hér á landi. Ljóst er að sjónrænna áhrifa vindorkuvera frá 160 - 230 m hæð og mögulega hærrí í framtíðinni er gríðarleg áskorun þegar kemur að náttúru landsins. Fullyrða má að engin mannvirki munu ógna ásýnd með jafn neikvæðum hætti gagnvart okkar fjölbreyttu órofa landslagsheildum og víðernum. Bygging vindorkuvera í Borgarbyggð á þeim svæðum sem áform hafa verið uppi myndu með öllu eyða jákvæðri víðernisupplifun og sérstöðu viðkomandi svæða. Landvernd hvetur því viðkomandi sveitarfélög til að þrýsta á stjórnvöld klára þá vinnu sem þarf við nýjar víðernisskilgreiningar en augljóst er að hin gömlu viðmið um 5 km radíus ganga ekki upp þegar vindorkuver eru annarsveggar þar sem ásýndarlíkon sem gerð eru gerð í dag taka til allt að 45 km radíus samkvæmt stöðlum. Kortlagning vegna vindorku fyrir sveitarfélagið Múlaþing sem unnið var í tilraunaskyni af verkfræðistofunni EFLU sem vitnað hefur verið til á ýmsum vettvangi öðrum en hér, gefur á engan hátt heilbrigða mynd af þeirri áskorun sem uppi er. Hér er einfaldlega of mikið og of stórt mál í húfi til þess að einkafyrirtæki á markaði sem vinnur að auki fyrir vindorkugeirann sé að fikta við verkefni sem ætti að vera á höndum sérfræðinga sem hafa þekkingu og reynslu af slíkum málum. Skírskotanir til erlendra viðmiða í EFLU skýrslu um kortlagningu vindorku í þessum efnunum eru að auki með öllu ómarktæk. Það er með öllu fráleitt ef ekki á að vinna víðerniskortlagningu úr frá sérstöðu og landslags sérkennum Íslands sem eiga sér enga hliðstæðu.

### 3.6.12 Loftslagsmál

Landvernd tekur undir sem fram kemur í matslýsingu að sveitarfélögin gegni lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Því miður hafa hvorki stjórnvöld og eða sveitarfélög sýnt til þessa í verki að þau hafa sérstaka ábyrgð á höndum. Það er eitt að setja fram skýr markmið, annað er að fara eftir þeim og sá hluti sem hefur orðið undir í þessari stærstu áskorun samtímans og komandi framtíðar er að aðgerðaráætlunum hefur ekki verið

fylgt eftir. Það er því ástæða til að brýna sveitarfélagið að taka loftslagsmálin alvarlega og skrifa þau inn í alla stefnumarkandi málaflokka sveitarfélagsins. Jafnframt er mikilvægt að missa ekki sjónar af þeirri staðreynd að loftslagsmál snúast um meira heldur en bara að koma í veg fyrir útblástur vegna notkunar jarðefnaeldsneytis. Ágangur á náttúru landsins er sömuleiðis mjög stór og veigamikill þáttur í losun gróðurhúsalofttegunda og því vill Landvernd hvetja öll sveitarfélög til að horfa víðtækt á loftslagsmálin með trúverðugar aðgerðir svo draga megi úr losun með stefnu á kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Landvernd tekur undir í matslýsingu að jafnhliða verði unnið með aðgerðarmiðuðum hætti að landbótum sbr. uppgræðslu í sátt við umhverfi og náttúru sem og ekki síst endurheimt votlendis og þar er sveitarfélagið hvatt til að kortleggja aflögð tún og annað framræst land í sveitarfélaginu og leggja þar með lóð sitt á vogarskálar hvorutveggja til að draga úr losun og um leið stórbæta landgæði með tilliti til endurheimtar búsvæða fyrir fjölbreytt lífríki. Þá er mikilvægt að ganga ekki á land með framandi tegundum í skógrækt og jafnframt horfa til þess að víða er að finna stór svæði lands í dag þar sem náttúruleg framvinda gróðurs og vistgerða almennt er í mikilli framrás mögulega vegna áhrifa loftslagsbreytinga og eða minna beitarálags sem er að sama skapi getur verið stór áhrifaþáttur sem þarf að draga úr sérstaklega á svæðum með viðkvæmar vistgerðir.

Þá tekur Landvernd undir að nú þegar eru áhrif loftslagsbreytinga vel merkjanlegar í íslenskri náttúru og gefa tilefni til þess að til þeirra sé litið við endurskoðun aðalskipulagsins. Í matslýsingu er helst nefnt til sögunnar *”breytingar á rennsli jökuláa, sjávarstöðubreytingar og aukin úrkomuákefð sem geta haft áhrif á innviði, atvinnuvegi og samfélag.”* Hér væri við hæfi að bæta við að áhrif loftslagsbreytinga, veðuröfga o.s.frv. geta haft afdrifarík áhrif á náttúru og lífríki allt. Áhrif loftslagsbreytinga á svokallaða samfélagslega innviði eru allt að því aukaatriði í stóru myndinni þegar loftslagsmálin eru annarsvegar, því ef ekki er ráðist að rótum vandans með samfélagslegri hugarfarsbreytingu og gagnvirkum aðgerðum gagnvart þessari stærstu áskorun samtímans þá náum við ekki markmiðum okkar. Með þessa hvatningu ætti sveitarfélagið að taka nýtt aðalskipuleg til endurskoðunar með þær áskoranir sem eru rétt að byrja vegna loftslagsbreytinga.

Landvernd hvetur jafnframt sveitarfélagið að taka úrgangsmál almennt föstum tókum en úrgangsmál eru stórt umhverfismál með snertifleti við loftslagið þar sem töluverð losun verður af urðun úrgangs. Flokkun, endurnýting og endurvinnsla úrgangs þarf að vinna með í samræmi við stefnu um hringrásarhagkerfið og í þeim efnum er brýnt að vinna sérstaka aðgerðarmiðaða áætlun svo árangur náist. Flestar áætlanir varðandi úrgangsmál sveitarfélaga hafa því miður ekki skilað tilætluðum árangri og alls ekki náð því að verða hluti af hringrásarhagkerfinu.

## 6.1. Skipulags- og matslýsing

Í matslýsingu kemur fram að *”í skipulagslýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.”* Segja má í stórum dráttum að matslýsingin sé fremur rýr í roðinu að því leyti að erfitt er að átta sig á

hver er hin raunverulega stefna sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum. Æskilegt væri ef sveitarfélög almennt sýndu meira á spilin við matslýsingar hver er t.d. raunverulegur vilji og sveitarstjórnar til að vinna að framgangi ákveðinna málaflokka, hver er hin raunverulega sérstaða og megináherslur sveitarstjórnar þegar kemur m.a. að stærstu álitamálum. Spyrja má meðal annars hvort að í lýsing um að lagt verði mat á kortlagningu vegna vindorkuvera í sveitarfélaginu þýði með öðrum orðum að sveitarfélagið hafi nú þegar þá stefnu að láta vinna slíka kortlagningu og þá ef slík vinna verði gerð að þá sé það stefna sveitarfélagsins að nýta sér þá stöðu með það fyrir augum að réttlæta uppbyggingu vindorkuvera í sveitarfélaginu á síðari stigum. Nú þegar liggur fyrir í sveitarfélaginu Borgarbyggð mikil andstaða við uppbyggingu vindorkuvera þar sem margir íbúar hafa gert upp hug sinn gagnvart þessari stærstu áskorun um iðnaðaruppbyggingu í Borgarbyggð. Ætti sú andstaða ekki að gefa sveitarstjórn ærið tilefni til að hafna því að farið verði í kortlagningu á heiðarlendum og öðrum svæðum Borgarbyggðar fyrir vindorkuver.

### Samráðs- og umsagnaraðilar

Landvernd hvetur sveitarfélagið til að vísa matslýsingu þessari til náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins til sérstakrar umfjöllunar og hún gefi álit sitt á þeim þáttum í skipulags- og matslýsingu þessari sem heyra undir nefndina lögum samkvæmt. Minna skal á að sveitarfélögum ber skylda að skipa náttúruverndarnefndir<sup>9</sup> sem vinna á grunni laga um náttúruvernd<sup>10</sup>.

Mikilvægt er því að náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins fái sýnilega aðkomu að þessari skipulags- og matslýsingu meðal annars í því ljósi að nefndinni er meðal annars ætlað að vinna að tilnefningu á friðlýstum svæðum sem eru til þess fallinn. Þá er sveitarfélagið sömuleiðis hvatt til þess að leita samráðs og umsagnar á þessari vegferð við frjáls félagasamtök á borð við umhverfis- og náttúruverndarsamtök á svæðinu.

### Að lokum

Fyrir liggur að á grunni ríkra valdheimilda sveitarfélaga við mótun skipulags að sveitarfélög í landinu bera mikla ábyrgð á þeim framtíðaráskorunum sem nú er við að glíma. Um leið og Landvernd óskar Borgarbyggð velfarnaðar við áframvinnslu aðalskipulagsins áréttrar Landvernd um leið þær ábendingar og athugasemdir sem fram koma í umsögn þessari.

*Með vinsemd og virðingu*  
*f.h. stjórnar Landverndar*  
Auður Önnu Magnúsdóttir,  
framkvæmdastjóri

<sup>9</sup> <https://www.samband.is/verkefning/umhverfis-og-urgangsmal/natturuvernd/>

<sup>10</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

